

Ég mótmæli því að vegur verði lagður um Teigsskóg.

Ég vísa í að samkvæmt náttúruverndarlögum sé óheimilt að raska náttúrufyrirbærum nema nauðsyn krefji,

Í þau tvö skipti sem fyrirhuguð lagning vegar um Teigsskóg hefur farið í umhverfismat hefur það mat eindregið mælt gegn því að fara þá leið til að stytta aksturleiðina á syðri hluta Vestfjarða.

Ég legg frekar til að farin verði hin svokallaða D-2 leið, enda hljómar eins og hún sé mun ákjósanlegri, valdi minna raski og um hana sé meiri sátt

Þ-H leiðin um Teigsskóg er sá kostur sem hefur verið skoðaður sem veldur mestum umhverfisspjöllum og óafturkræfum, hún brýtur lög um náttúruvernd og raskar dýra- og lífríki til frambúðar en þarna búa fuglategundir í útrýmingarhættu eins og haförn og aðrar viðkvæmar tegundir. Og því óskiljanlegt að þeirri leið sé haldið að fólki sem eina möguleikanum vilji það fá vegaúrbætur.

Svo virðist sem einbeittur vilji sé af hálfu skipuleggjenda til að fara Teigskógaleiðina, og íbúum því sem næst haldið í gíslingu með því að láta í veðri vaka að standi þau gegn því að farið verði um Teigsskóg þá muni enginn vegur vera lagður. Það er mjög undarleg stjórnsýsla og ekki að sjá að sé í samræmi við meðalhófsreglu.

Með kveðju og von um að skynsemin ráði för.
Alexandra Briem